

44

20. febr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: sóknarprestur, sýslumaður og hreppstjóri þess héraðs, sem er starfssvæði sjóðsins, eða aðrir tilsvaramenn sýslunarmenn, verði breyting á skipan þeirra mála, er þessir menn fara nú með.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal reikningurinn endurskoðaður af sýslunefnd Strandasýslu og birtur í sýslufundargerð sýslunnar ár hvert.

7. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.

Snartartungu, 26. maí 1943.

Einar Sturlaugsson.	Hjörtur Sturlaugsson.	Jónína S. Jónsdóttir.
Halldóra Sturlaugsdóttir	Guðborg Sturlaugsdóttir	Hjörleifur Sturlaugsson.
Jón Hjörleifsson.	Ásmundur Sturlaugsson.	

45

21. febr.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 66 frá 26. júní 1944, um mat og eftirlit með útflutningi á ísvörðum fiski.

1. gr.

Aftan við 3. gr. komi nýr málslíður, svo hljóðandi:

Þó getur fiskimatsstjóri, þegar sérstaklega stendur á, leyft að lengri tími líði en að framan segir frá því að fiskurinn er veiddur og þangað til hann er afhentur í útflutningsskip.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 92 3. maí 1935, um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1945.

Áki Jakobsson.

Gunnl. E. Briem.